

Nr. 2

31. mars 1998

AUGLÝSING

um samning við Kanada um samframleiðslu á sviði hljóð- og myndverka.

Samningur milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Lýðveldisins Kanada um samframleiðslu á sviði hljóð- og myndverka, sem gerður var í Washington 15. október 1997, öðlaðist gildi 2. febrúar 1998.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. mars 1998.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og
ríkisstjórnar Kanada um samframleiðslu
á sviði hljóð- og myndverka.

Ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Kanada (hér eftir nefndar „aðilar“)

telja æskilegt að skapa grundvöll fyrir samskipti þeirra á sviði hljóð- og myndverka, einkum fyrir samframleiðslu kvikmynda, sjónvarpsefnis og myndbanda;

hafa í huga að vönduð samframleiðsluverkefni geta stuðlað að frekari vexti þeirra atvinnugreina sem standa að framleiðslu og dreifingu kvikmynda, sjónvarpsefnis og myndbanda í báðum löndum og einnig stuðlað að auknum menningar- og efnahagssamsskiptum þeirra á milli;

eru sannfærðar um að samskipti þessi munu stuðla að bættum tengslum milli landanna;

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

1. Í samningi þessum merkir orðasambandið „samframleiðsla á hljóð- og myndverki“ verkefni án tillits til lengdar þeirra, að meðtöldum hreyfi- og heimildamyndum, sem framleidd eru á filmu, myndbandi eða mynddisklingum, eða í öðru formi sem enn er óþekkt, til notkunar í kvikmyndahúsum eða sjónvarpi, á myndböndum, mynddisklingum eða í öðru dreifingarformi. Ný framleiðslu- og dreifingarform hljóð- og myndverka verða felld undir þennan samning með skiptum á orðsendingum.

2. Samframleiðsla samkvæmt samningi þessum er háð samþykki eftirfarandi yfirvalda sem hér eftir eru nefnd „bær yfirvöld“:

á Íslandi: Menntamálaráðherra; og
 í Kanada: Ráðherra menningararfleifðar.

3. Öll væntanleg samframleiðsluverkefni samkvæmt samningi þessum skal framleiða og þeim dreift í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á Íslandi og í Kanada.

4. Öll samframleiðsluverkefni samkvæmt samningi þessum skulu teljast innlend verkefni í öllum tilvikum í hvoru landi. Samkvæmt því eiga aðilar að hverju slíku samframleiðsluverkefni fullan rétt á að njóta góðs af öllum styrkjum sem kvikmynda- og myndbanda-

AUDIOVISUAL CO-PRODUCTION
AGREEMENT
between the Government of the Republic of
Iceland and the Government of Canada

The Government of the Republic of Iceland and the Government of Canada (hereinafter referred to as the „Parties“),

Considering that it is desirable to establish a framework for audiovisual relations and particularly for film, television and video co-productions;

Conscious that quality co-productions can contribute to the further expansion of the film, television and video production and distribution industries of both countries as well as to the development of their cultural and economic exchanges;

Convinced that these exchanges will contribute to the enhancement of relations between the two countries;

Have agreed as follows:

Article 1

1. For the purpose of this Agreement, an „audiovisual co-production“ is a project, irrespective of length, including animation and documentary productions, produced either on film, videotape or videodisc, or in any other format hitherto unknown, for exploitation in theatres, on television, videocassette, videodisc or by any other form of distribution. New forms of audiovisual production and distribution will be included in the present agreement by an exchange of notes.

2. Co-productions undertaken under the present Agreement must be approved by the following authorities, referred to hereinafter as the “competent authorities”:

In Canada: the Minister of Canadian Heritage;
 and

In Iceland: the Minister of Education

3. Every co-production proposed under this Agreement shall be produced and distributed in accordance with the national legislation and regulations in force in Canada and in Iceland;

4. Every co-production produced under this Agreement shall be considered to be a national production for all purposes by and in each of the two countries. Accordingly, each such co-production shall be fully entitled to take advantage of all benefits currently available to the film

iðnaðinum í hvoru landi standa til boða nú eða tekin verður ákvörðun um síðar. Þessir styrkir falla hins vegar eingöngu í skaut framleiðandanum í því landi þar sem þeir eru veittir.

2. gr.

Einungis samframleiðsluverkefni, sem framleiðendur með gott tæknilegt skipulag, örugga fjármögnun og viðurkennda faglega stöðu standa að, geta notið styrkja samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

3. gr.

1. Framlag samframleiðenda frá hvoru landi getur numið frá 20% til 80% af kostnaði við hvert samframleiðsluverkefni.

2. Hvorum samframleiðanda ber að taka virkan þátt bæði í tæknivinnu og listrænni sköpun. Að öðru jöfnu skal þetta framlag hvors samframleiðanda vera í réttu hlutfalli við fjárframlag hans.

4. gr.

1. Framleiðendur, höfundar handrita og leikstjórar samframleiðsluverkefna, svo og tæknimenn, leikarar og aðrir starfsmenn sem vinna við slík verkefni, skulu vera íslenskir eða kanadískir ríkisborgarar eða hafa lögheimili á Íslandi eða í Kanada.

2. Ef þörf krefur er einnig unnt að heimila þátttöku annarra leikara í samframleiðsluverkefni en um getur í 1. mgr., en slíkt er þó háð samþykki bærra yfirvalda í báðum löndum.

5. gr.

1. Kvikmyndataka og hreyfimyndagerð, svo sem gerð myndlýsingar, útlitshönnun, lykilteikningar hreyfinga, milliteikningar og hljóðupptaka, skal að öðru jöfnu framkvæmd annaðhvort á Íslandi eða í Kanada.

2. Þó má heimila vettvangstökur, innandyra eða utan, í landi sem stendur ekki að samframleiðslunni ef handrit eða atburðarás myndarinnar krefst þess og að því tilskildu að tæknimenn frá Íslandi og Kanada taki þátt í tökunum.

3. Fullvinnsla skal fara fram annaðhvort á Íslandi eða í Kanada, en verði því ekki við komið af tæknilegum ástæðum geta bær yfirvöld beggja landa heimilað að fullvinnslan fari fram í landi sem ekki stendur að samframleiðslunni.

and video industries or those that may hereafter be decreed in each country. These benefits, however, accrue solely to the producer of the country which grants them.

Article 2

The benefits of the provisions of this Agreement apply only to co-productions undertaken by producers who have good technical organization, sound financial backing and recognized professional standing.

Article 3

1. The proportion of the respective contributions of the co-producers of the two countries may vary from twenty (20%) to eighty per cent (80%) of the budget for each co-production.

2. Each co-producer shall be required to make an effective technical and creative contribution. In principle, this contribution shall be in proportion to his investment.

Article 4

1. The producers, writers and directors of co-productions, as well as the technicians, performers and other production personnel participating in such co-productions, must be Canadian or Icelandic citizens, or permanent residents of Canada or of Iceland.

2. Should the co-production so require, the participation of performers other than those provided for in the first paragraph may be permitted, subject to approval by the competent authorities of both countries.

Article 5

1. Live action shooting and animation works such as storyboards, layout, key animation, in-betweening and voice recording must, in principle, be carried out either in Canada or in Iceland.

2. Location shooting, exterior or interior, in a country not participating in the co-production may, however, be authorized, if the script or the action so requires and if technicians from Canada and Iceland take part in the shooting.

3. The laboratory work shall be done either in Canada or in Iceland, unless it is technically impossible to do so, in which case the laboratory work in a country not participating in the co-production may be authorized by the competent authorities of both countries.

6. gr.

1. Bær yfirvöld beggja landa eru einnig hlynt samframleiðsluverkefnum sem framleiðendur á Íslandi og í Kanada standa að ásamt framleiðendum í löndum sem hafa gert opinberan samning um samframleiðslu við Ísland eða Kanada.

2. Framlag framleiðanda, sem á minni hlutdeild í samframleiðsluverkefni er fleiri en tveir aðilar standa að, skal nema minnst 20%.

3. Þeim samframleiðendum, sem eiga minni hlutdeild í slíkum samframleiðsluverkefnum, er skylt að taka virkan þátt bæði í tæknivinnu og listrænni sköpun.

7. gr.

1. Upprunaleg hljóðsetning hvers samframleiðsluverkefnis skal vera á ensku, frönsku eða íslensku. Heimilt er að gera tókur samhliða á tveimur eða öllum þessum tungumálum. Einnig er heimilt að nota samtöl á öðrum tungumálum í samframleiðsluverkefni ef gert er ráð fyrir því í handriti.

2. Talsetning hvers samframleiðsluverkefnis með íslensku tali eða textun þess með íslenskum texta skal fara fram á Íslandi. Talsetning hvers samframleiðsluverkefnis með frönsku eða ensku tali eða textun þess með frönskum eða enskum texta skal fara fram í Kanada. Frávik frá þessari meginreglu eru einungis leyfð að fengnu samþykki bærra yfirvalda beggja landa.

8. gr.

1. Í öllum samframleiðsluverkefnum skal gera minnst tvö afrit af frumeintaki og eftirgerðareintaki endanlegrar gerðar efnisins sem notað var í framleiðslunni nema í þeim tilvikum sem getið er um í 2. mgr. Hvor samframleiðandi skal eiga eitt afrit af frum- og eftirgerðareintaki og hafa rétt til að nota það, í samræmi við skilmála og skilyrði sem þeir koma sér saman um, til nauðsynlegrar eftirgerðar. Þar að auki skal hvor samframleiðandi hafa aðgang að upprunalegu framleiðslufni í samræmi við þessa skilmála og skilyrði.

2. Ef báðir samframleiðendur fara fram á það og það hlýtur samþykki bærra yfirvalda í báðum löndum er nægilegt að gera eitt afrit af endanlegu frum- og eftirgerðareintaki, enda sé um að ræða framleiðslu sem bær yfirvöld skilgreina sem ódýra. Í slíkum tilvikum skal frum- og eftirgerðareintak geymt í landi þess samframleiðanda sem á stærri hlutdeild í verkinu. Samframleiðandinn sem á minni hlutdeild í

Article 6

1. The competent authorities of both countries also look favourably upon co-productions undertaken by producers of Canada, Iceland and any country to which Canada or Iceland is linked by an Official Co-Production Agreement.

2. The proportion of any minority contribution in any multi-party co-production shall be not less than twenty per cent (20%).

3. Each minority co-producer in such co-production shall be obliged to make an effective technical and creative contribution.

Article 7

1. The original sound track of each co-production shall be made in either English, French or Icelandic. Shooting in any two, or in all, of these languages is permitted. Dialogue in other languages may be included in the co-production as the script requires.

2. The dubbing or subtitling of each co-production into French and English, or into Icelandic shall be carried out respectively in Canada or in Iceland. Any departures from this principle must be approved by the competent authorities of both countries.

Article 8

1. Except as provided in the following paragraph, no fewer than two copies of the final production and reproduction materials used in the production shall be made for all co-productions. Each co-producer shall be the owner of one copy of the production and reproduction materials and shall be entitled to use it, in accordance with the terms and conditions agreed upon by the co-producers, to make the necessary reproductions. Moreover, each co-producer shall have access to the original production material in accordance with those terms and conditions.

2. At the request of both co-producers and subject to the approval of the competent authorities in both countries, only one copy of the final production and reproduction material need be made for those productions which are qualified as low budget productions by the competent authorities. In such cases, the material will be kept in the country of the majority co-producer. The minority co-producer will have access to the

verkinu hefur þó ávallt aðgang að eintökunum til nauðsynlegrar eftirgerðar, í samræmi við skilmála og skilyrði sem samframleiðendurnir koma sér saman um.

material at all times to make the necessary reproductions, in accordance with the terms and conditions agreed upon by the co-producers.

9. gr.

Með fyrirvara um ákvæði í gildandi lögum og reglugerðum hvors aðila skulu þeir:

- a) greiða fyrir, á sínu yfirráðasvæði, komu og tímabundinni dvöl lista- og tæknimanna og leikara sem samframleiðandi í hinu landinu hefur ráðið vegna samframleiðsluverkefnis; og
- b) heimila með sama hætti innflutning og endurútflutning alls búnaðar sem nauðsynlegur er vegna samframleiðsluverkefnis.

Article 9

Subject to their legislation and regulations in force, the Parties shall:

- (a) facilitate the entry into and temporary residence in their respective territories of the creative and technical personnel and the performers engaged by the co-producer of the other country for the purpose of the co-production; and
- (b) similarly permit the temporary entry and re-export of any equipment necessary for the purpose of the co-production.

10. gr.

Skipting tekna milli samframleiðenda skal að öðru jöfnu vera í réttu hlutfalli við framlög þeirra til fjármögnunar framleiðslunnar og háð samþykki bærra yfirvalda í báðum löndum.

Article 10

The sharing of revenues by the co-producers should, in principle, be proportional to their respective contributions to the production financing and be subject to approval by the competent authorities of both countries.

11. gr.

Þótt bær yfirvöld beggja landa hafi samþykkt tillögu um samframleiðsluverkefni felur það ekki í sér neina skuldbindingu gagnvart öðrum eða báðum samframleiðendum þess efnis að yfirvöld muni veita leyfi til sýningar samframleiðsluverkefnisins.

Article 11

Approval of a co-production proposal by the competent authorities of both countries does not constitute a commitment to either or both of the co-producers that governmental authorities will grant a licence to show the co-production.

12. gr.

1. Sé samframleiðsluverkefni flutt út til lands sem sett hefur innflutningskvóta telst það til kvóta þess lands:

- a) þar sem sá samframleiðandi er sem á stærri hlutdeild í verkinu;
- b) sem hefur betri möguleika á að skipuleggja útflutning þess, ef hlutdeild samframleiðenda er jöfn; eða
- c) þar sem leikstjórinn á ríkisfang, ef vanda-mál koma upp við beitingu a- eða b-liðar.

2. Ef engin takmörk eru sett á innflutning á kvikmyndum annars samframleiðslulands til lands sem sett hefur innflutningskvóta skal samframleiðsluverkefni samkvæmt þessum samningi vera jafnrétt hátt annarri innlendri kvikmyndaframleiðslu í því samframleiðslulandi til ótak-

Article 12

1. Where a co-production is exported to a country that has quota regulations, it shall be included either in the quota of the country:

- (a) of the majority co-producer;
- (b) that has the best opportunity of arranging for its export, if the respective contributions of the co-producers are equal; or
- (c) of which the director is a national, if any difficulties arise with the application of sub-paragraphs (a) and (b) hereof.

2. Notwithstanding paragraph 1, in the event that one of the co-producing countries enjoys unrestricted entry of its films into a country that has quota regulations, a co-production undertaken under this Agreement shall be as entitled as any other national production of that country

markaðs innflutnings til þess lands, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., ef innflutningslandið samþykkir það.

13. gr.

1. Þegar samframleiðsluverkefni er sýnt skal auðkenna það sem „íslenskt-kanadískt samframleiðsluverkefni“ („Iceland-Canada Co-production“) eða „kanadískt-íslenskt samframleiðsluverkefni“ („Canada-Iceland Co-production“) eftir uppruna þess samframleiðanda sem á stærri hlutdeild í verkinu eða samkvæmt samningi milli samframleiðenda þar að lútandi.

2. Slík auðkenning skal koma fram í afkynningu verks, í öllu auglýsinga- og kynningarefni og ævinlega þegar samframleiðslan er sýnd og skal hún fá sömu meðferð hjá báðum aðilum.

14. gr.

Við kynningar á alþjóðlegum kvikmyndahátíðum telst samframleiðsluverkefni til lands þess samframleiðanda sem á stærri hlutdeild í verkinu eða, ef hlutdeild beggja samframleiðenda er jöfn, til þess lands þar sem leikstjórinn á ríkisfang, nema samið sé um annað milli samframleiðenda.

15. gr.

Bær yfirvöld beggja landa hafa í sameiningu samþykkt verklagsreglur fyrir samframleiðsluverkefni að teknu tilliti til gildandi laga og reglugerða á Íslandi og í Kanada. Þessar verklagsreglur fylgja samningi þessum.

16. gr.

Ekki skal setja aðrar takmarkanir á innflutning, dreifingu eða sýningu kanadískrar kvikmynda-, sjónvarps- og myndbandaframleiðslu á Íslandi né á innflutning, dreifingu eða sýningu íslenskrar kvikmynda-, sjónvarps- og myndbandaframleiðslu í Kanada en þær sem kveðið er á um í gildandi lögum og reglugerðum landanna tveggja.

17. gr.

1. Leitast skal við á gildistíma samningsins að ná heildarjafnvægi að því er varðar fjárframlög, þátttöku lista- og tæknimanna og leikara, og nýtingu aðstöðu (til töku og fullvinnslu), að teknu tilliti til aðstæðna í hvoru landi um sig.

to unrestricted entry into the importing country if that country so agrees.

Article 13

1. A co-production shall, when shown, be identified as a „Canada-Iceland Co-production“ or „Iceland-Canada Co-production“ according to the origin of the majority co-producer or in accordance with an agreement between co-producers.

2. Such identification shall appear in the credits, in all commercial advertising and promotional material and whenever this co-production is shown and shall be given equal treatment by each Party.

Article 14

In the event of presentation at international film festivals, and unless the co-producers agree otherwise, a co-production shall be entered by the country of the majority co-producer or, in the event of equal financial participation of the co-producers, by the country of which the director is a national.

Article 15

The competent authorities of both countries have jointly established the rules of procedure for co-productions taking into account the legislation and regulations in force in Canada and in Iceland. These rules of procedure are attached to the present Agreement.

Article 16

No restrictions shall be placed on the import, distribution and exhibition of Icelandic film, television and video productions in Canada or that of Canadian film, television and video productions in Iceland other than those contained in the legislation and regulations in force in each of the two countries.

Article 17

1. During the term of the present Agreement, an overall balance shall be aimed for with respect to financial participation as well as creative personnel, technicians, performers, and facilities (studio and laboratory), taking into account the respective characteristics of each country.

2. Bær yfirvöld beggja landa skulu fylgjast með framkvæmd samningsins eftir því sem þörf krefur til þess að leysa úr vandkvæðum sem upp kunna að koma. Þau skulu gera þær tillögur til breytinga sem þörf er á með það fyrir augum að þróa samstarfið á sviði kvikmynda og myndbanda á þann hátt sem þjónar best hagsmunum beggja landa.

3. Sett er á stofn sameiginleg nefnd til að fylgjast með framkvæmd samningsins. Sameiginlega nefndin skal fylgjast með því hvort umrætt heildarjafnvægi hafi náðst og, ef svo er ekki, ákveða til hvaða ráðstafana beri að grípa til að koma slíku jafnvægi á. Sameiginlega nefndin fundar eftir þörfum, til skiptis í löndunum tveimur. Heimilt er að kalla hana saman til aukafunda að beiðni bærri yfirvalda annars landsins eða þeirra beggja, einkum þegar um er að ræða meiri háttar breytingar á lögum eða reglugerðum landanna um kvikmynda-, sjónvarps- eða myndbandaiðnað, eða þegar beiting samningsins er verulegum erfiðleikum háð. Sameiginlega nefndin skal funda innan sex mánaða frá því að annar hvor aðilanna kallar hana saman.

18. gr.

1. Samningi þessum skal beitt til bráðabirgða frá undirritunardegi hans. Samningurinn öðlast gildi þegar hvor aðili hefur tilkynnt hinum að málsmeðferð vegna fullgildingar hans sé lokið.

2. Samningurinn gildir í fimm ár frá gildistökudegi hans. Hann endurnýjast sjálfkrafa til fimm ára í senn nema annar aðilinn tilkynni skriflega um uppsögn hans eigi síðar en sex mánuðum áður en hann rennur út.

3. Samframleiðsluverkefni, sem hafa verið samþykkt af bærum yfirvöldum og eru í gangi þegar annar aðilinn tilkynnir um uppsögn, skulu áfram njóta góðs af ákvæðum samningsins þar til þeim lýkur. Þótt samningurinn sé útrunninn eða honum hafi verið sagt upp gilda áfram ákvæði hans um skiptingu tekna af fullgerðum samframleiðsluverkefnum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð frá ríkisstjórnnum sínum, undirritað þennan samning.

2. The competent authorities of both countries shall examine the terms of implementation of this Agreement as necessary in order to resolve any difficulties arising from its application. They shall, as needed, recommend possible amendments with a view to developing film and video co-operation in the best interests of both countries.

3. A Joint Commission is established to look after the implementation of this Agreement. The Joint Commission shall examine if this balance has been achieved and, in case of the contrary, shall determine the measures deemed necessary to establish such a balance. A meeting of the Joint Commission shall take place as required and it shall meet alternately in the two countries. It may be convened for extraordinary sessions at the request of one or both competent authorities, particularly in the case of major amendments to the legislation or the regulations governing the film, television and video industries in one country or the other, or where application of this Agreement presents serious difficulties. The Joint Commission shall meet within six (6) months following its convocation by one of the Parties.

Article 18

1. The present Agreement shall be applied provisionally from the date of its signature. It shall come into force when each Party has informed the other that its internal ratification procedures have been completed.

2. It shall be valid for a period of five (5) years from the date of its entry into force; a tacit renewal of the Agreement for like periods shall take place unless one or the other Party gives written notice of termination six (6) months before the expiry date.

3. Co-productions which have been approved by the competent authorities and which are in progress at the time of notice of termination of this Agreement by either Party, shall continue to benefit fully until completion from the provisions of this Agreement. After expiry or termination of this Agreement, its terms shall continue to apply to the division of revenues from completed co-productions.

In witness whereof, the undersigned, duly authorized by their respective Governments, have signed this Agreement.

Gjört í tvíriti í Washington hinn 15. október 1997 á íslensku, ensku og frönsku og skulu allir textarnir jafngildir.

DONE in duplicate at Washington, this fifteenth day of October 1997, in the English, French and Icelandic languages, each version being equally authentic.

Einar Benediktsson
Fyrir hönd ríkisstjórnar
Lýðveldisins Íslands

Einar Benediktsson
The Government of the
Republic of Iceland

Raymond A. J. Chrétien
Fyrir hönd ríkisstjórnar
Kanada

Raymond A. J. Chrétien
The Government
of Canada

VIÐAUKI Verklagsreglur.

Umsókn um styrki samkvæmt samningi þessum vegna samframleiðsluverkefnis skal skila samtímis til yfirvalda beggja aðila að minnsta kosti þrjátíu dögum áður en tókur hefjast. Yfirvöld þess aðila, þar sem samframleiðandinn sem á stærri hlutdeild í verkinu á ríkisfang, skulu senda yfirvöldum hins aðilans tillögur sínar innan tuttugu daga frá því að öll eftirtalin gögn hafa verið lögð fram. Yfirvöld þess aðila, þar sem samframleiðandinn sem á minni hlutdeild í verkinu á ríkisfang, skulu síðan tilkynna um ákvörðun sína innan tuttugu daga.

Eftirtalin gögn skulu lögð fram með umsókn, á íslensku fyrir Ísland og á ensku eða frönsku fyrir Kanada:

- I. endanlegt handrit;
- II. skjalfest sönnun þess að höfundarréttur að samframleiðsluverkefninu sé fenginn á löglegan hátt;
- III. afrit af samframleiðslusamningi undirrituðum af báðum samframleiðendum.
Eftirfarandi skal koma fram í samningnum:
 1. heiti samframleiðsluverkefnis;
 2. nafn handritshöfundar, eða þess sem færði verkið í handritsbúning ef það er byggt á bókmenntaverki;
 3. nafn leikstjóra (heimilt er að bæta inn ákvæði um að skipta megi um leikstjóra ef þörf krefur);
 4. fjárhagsáætlun;
 5. fjármögnunaráætlun;
 6. ákvæði um skiptingu á tekjum, mörkuðum, miðlum eða sambland þessa;
 7. ákvæði um hlut hvors samframleiðanda, ef útgjöld eru undir eða umfram áætlun,

ANNEX Rules of Procedure

Application for benefits under this Agreement for any co-production must be made simultaneously to both authorities at least thirty (30) days before shooting begins. The competent authority of the Party of which the majority co-producer is a national shall communicate its proposal to the other competent authority within twenty (20) days of the submission of the complete documentation as described below. The competent authority of the Party of which the minority co-producer is a national shall thereupon communicate its decision within twenty (20) days.

Documentation submitted in support of an application shall consist of the following items, drafted in English or French in the case of Canada and in Icelandic in the case of Iceland:

- I. The final script;
- II. Documentary proof that the copyright for the co-production has been legally acquired;
- III. A copy of the co-production contract signed by the two co-producers;
The contract shall include:
 1. the title of the co-production;
 2. the name of the author of the script, or that of the adaptor if it is drawn from a literary source;
 3. the name of the director (a substitution clause is permitted to provide for his replacement if necessary);
 4. the budget;
 5. the financing plan;
 6. a clause establishing the sharing of revenues, markets, media or a combination of these;
 7. a clause detailing the respective shares of the co-producers in any over or under-

- en hann skal að öðru jöfnu vera í réttu hlutfalli við framlag þeirra. Þó má binda hlutdeild þess samframleiðanda sem leggur minna af mörkum til verkefnisins við lægra hlutfall af útgjöldum umfram áætlun eða við fasta fjárhæð, að því tilskildu að það sé ekki lægra en leyflegt lágmarkshlutfall samkvæmt 6. gr. sammingsins;
8. ákvæði þar sem viðurkennt er að veiting styrkja samkvæmt þessum samningi feli ekki í sér skuldbindingu þess efnis að yfirvöld í öðru hvoru landinu muni veita leyfi fyrir opinberri sýningu samframleiðsluverkefnisins;
9. ákvæði um ráðstafanir sem grípa skal til ef:
- a) bær yfirvöld annars landsins neita að veita þá styrki sem sótt er um eftir að hafa kynnt sér málið til hlítar;
- b) bær yfirvöld banna sýningu samframleiðsluverkefnisins í öðru hvoru landinu eða útflutning þess til þriðja lands;
- c) annar samframleiðandinn stendur ekki við skuldbindingar sínar;
10. hvenær tókur eigi að hefjast;
11. ákvæði um að samframleiðandinn, sem á stærri hlutdeild í verkinu, skuli kaupa tryggingu sem tekur að minnsta kosti til „tryggingar véla, tækja, mannskaps, leikmyndar o.fl. sem og ábyrgðar gagnvart þriðja aðila“ („all production risks“ og „tryggingar á uppteknu efni, bæði hljóð og mynd“ („all original material production risks“);
12. ákvæði um að höfundarréttur skiptist í réttu hlutfalli við framlög samframleiðenda;
- IV. dreifingsamningur, hafi hann þegar verið undirritaður;
- V. skrá yfir listamenn og tæknimenn sem vinna við verkefnið ásamt ríkisfangi þeirra og hlutverk sem leikarar eiga að leika;
- VI. framleiðsluáætlun;
- VII. nákvæm fjárhagsáætlun þar sem útgjöld hvors samframleiðanda eru tiltekin; og
- VIII. ágríp.
- Bær yfirvöld aðila geta krafist frekari gagna og allra annarra viðbótarupplýsinga sem nauðsyn krefur.
- expenditure, which shares shall in principle be proportional to their respective contributions, although the minority coproducer's share in any overexpenditure may be limited to a lower percentage or to a fixed amount providing that the minimum proportion permitted under Article 6 of the Agreement is respected;
8. a clause recognizing that admission to benefits under this Agreement does not constitute a commitment that governmental authorities in either country will grant a licence to permit public exhibition of the co-production;
9. a clause prescribing the measures to be taken where:
- (a) after full consideration of the case, the competent authorities in either country refuse to grant the benefits applied for;
- (b) the competent authorities prohibit the exhibition of the co-production in either country or its export to a third country;
- (c) either party fails to fulfill its commitments;
10. the period when shooting is to begin;
11. a clause stipulating that the majority coproducer shall take out an insurance policy covering at least “all production risks” and “all original material production risks”;
12. a clause providing for the sharing of the ownership of copyright on a basis which is proportionate to the respective contributions of the coproducers;
- IV. The distribution contract, where this has already been signed;
- V. A list of the creative and technical personnel indicating their nationalities and, in the case of performers, the roles they are to play;
- VI. The production schedule;
- VII. The detailed budget identifying the expenses to be incurred by each coproducer; and
- VIII. The Synopsis.
- The competent authorities of the two Parties can demand any further documents and all other additional information deemed necessary.

Að öðru jöfnu er æskilegt að endanlegt tökuhandrit (samtöl innifalin) sé lagt fyrir bær yfirvöld áður en tökur hefjast.

Heimilt er að gera breytingar á upprunalega samframleiðslusamningnum, þar með talið að skipta um samframleiðanda, en leggja verður þær fyrir bær yfirvöld beggja aðila áður en vinnslu samframleiðsluverkefnisins lýkur. Aðeins er unnt að heimila að skipt sé um samframleiðanda í undantekningartilvikum og að því tilskildu að bær yfirvöld beggja aðila telji ástæður fyrir því fullnægjandi.

Bær yfirvöld beggja aðila munu tilkynna hvor öðrum um ákvarðanir sínar.

In principle, the final shooting script (including the dialogue) should be submitted to the competent authorities prior to the commencement of shooting.

Amendments, including the replacement of a co-producer, may be made in the original contract, but they must be submitted for approval by the competent authorities of both Parties before the co-production is finished. The replacement of a co-producer may be allowed only in exceptional cases and for reasons satisfactory to both the competent authorities.

The competent authorities will keep each other informed of their decisions.